

Alþingi
Erindi nr. P 125/1388
Komudagur 3.4.2000



HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu v. Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2000

Vísað er til bréfs, dags. 17. mars 2000, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Undirritaður telur ekki ástæðu til almennra athugasemda um frumvarpið.

Undirritaður vill hins vegar koma á framfæri athugasemdum við 19. gr. frumvarpsins, sem fjallar um menntun og skólastarf. Í greininni kemur fram, að Háskóli Íslands beri ábyrgð á að efla rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, skal Háskóli Íslands vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu. Starfsmenn Háskólans sem ráðnir eru til kennslu, vísinda- og fræðastarfa njóta akademísks frelsis þegar kemur að því að velja sér rannsóknarverkefni og stingur þetta nokkuð í stúf við það að fela Háskólanum með lögum sérstaklega þá ábyrgð á rannsóknum, sem að framan greinir.

Undirritaður leggst á hinn bóginn ekki gegn þessu ákvæði frumvarpsins en telur nauðsynlegt að ábyrgð Háskólans sé betur skilgreind og eins gagnvart hverjum hún sé. Einnig er mikilvægt að tryggt sé, að fjármagn fái til að unnt sé að standa undir þessari ábyrgð.

Virðingarfyllt,

Páll Skúlason, háskólarektor